

EFTIRLITSSKÝRSLA

ORF Líftækni ehf Reykir



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	26.5.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	ORF Líftækni ehf	Eftirlitsmaður	
Heimili	Víkurbær 3	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	420201-3540	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Guðríður Helgadóttir	ÍSAT nr.	01.10.1
Fulltrúi fyrirtækis	Elías Óskarsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekki fundust frávik né ábendingar af neinu tagi.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í lokunarúttekt í tilraunagróðurhús Garðyrkjuháskólans að Reykjum í Ölfusi. Guðríður Helgadóttir og Elías Óskarsson gengu með mér um tilraunagróðurhúsið.

Klefi 8 var leigður til ORF Líftækni hf. Klefinn er 200 – 300 m² og frárennsli er samtengt öðru frárennsli tilraunagróðurhússins. Við ræktunina var alla jafna lítið vatnsálag enda þrífst bygg illa í blautum jarðvegi.

Elías Óskarsson sagði viðskilnað ORF Líftækni hafa verið góðan og allur úrgangur var strax fjarlægður og klefinn þrífinn. Búnaður í frárennsli (síur úr fínmöskva neti) var einnig fjarlægður sem og eftirlitsbúnaður sem var í eigu rekstraraðila. Hluti af öryggisbúnaði var í eigu Garðyrkjuháskólans að Reykjum og er enn í notkun.

Net í opnanlegum fögum ræktunarklefans var fjarlægt en það var til varnar því að fuglar kæmust inn í húsið og bæru með sér fræ út í náttúruna.

Síðast var ræktað bygg í gróðurhúsinu fyrir 3 – 4 árum og síðan þá hafa hvergi sést byggplöntur sem tengja má starfsemi ORF Líftækni, hvorki innandyra né utan. Klefi 8 hefur verið sóttþreinsaður a.m.k. tvisvar síðan 2013.

Gengið var um gróðurhúsið og utan þess og kannað hvort að bygg sæist í nærumhverfinu. Ekkert bygg var sjáanlegt.

ANNAÐ

Samkvæmt grein nr. 7 í starfsleyfi skal það renna út þann 30. nóvember 2021.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.06.2018

Gottskálf Friðgeirsson